

Amtsráðsskýrslur.

III

Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 14.—16. desbr. 1881.

Ár 1881, 14. dag desembermán. var fundur amtsráðsins í norður- og austur-
amtinu settur á Akureyri af forseta ráðsins, settum amtmanni J. Havsteen, með amts-
ráðsmönnum siera Arnljóti Ólafssyni og dbrm. Einari Ásmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, er hjer eru talin:

1. Var samin og samþykkt

Áætlan

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1882.

Tekjur:

kr. a. Kr. A.

- | | | |
|--|---------|---------|
| 1. Eptirstöðvar frá f. á. hjer um bil | 1300 " | |
| 2. Niðurjöfnunin á lausafjórðungi (c. 27,240) 16 ára á hvert | 4359 36 | 5659 36 |

Gjöld:

- | | | |
|---|--------|---------|
| 1. Amtsráðið | 150 " | |
| 2. Til sáttamála | 10 " | |
| 3. — heilbrigðismála | 150 " | |
| 4. — menntamála (kvennaskóla og amtsbókasafnsins) | 700 " | |
| 5. — heyrnar- og málleysingja | 1260 " | |
| 6. Sjöunda alborgun af skuld sjóðsins fyrir fangahúsin 2124,66
og vextir af 19,122 kr. 2 a. til $3\frac{1}{12}$ 1882 | 764,88 | 2889 54 |
| 7. Óviss útgjöld | 499 82 | 5659 36 |
2. Forseti lagði fram bókun Jóns Loptssonar, hreppstjóra í Grýtubakkahrepp, dag-
sett 1. oktbr. 1881, ásamt með umsagnarbræfi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dag-
settu 2. desbr. 1881. Í þessu bókunbræfi kærir hreppstjórinn yfir því, að sýslu-
nefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefði synjað um að endurgjalda sjer kostnað þann,
sem hann hefði haft af útvegum embættisbóka. Amtsráðið áleit, að það hefði eigi
vald til þess, að skipa sýslunefndinni, að greiða þennan kostnað, og ályktaði, að
skjóta þeirri fyrirspurn til landshöfðingja, hvernig að skyldi fara, þegar sýslunefndin
neitaði að greiða þennan kostnað, eins og hjer hefði átt sjer stað.
 3. Yfirfærnar útskriftir úr gjörðabókum sýslunefndanna fyrir árin 1880 og 1881.

Við útskriftina úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu fyrir 1880
fann amtsráðið það að athuga, að í áætluninni fyrir 1880 yfir tekjur og gjöld sýsl-
unnar er jafnað niður 842 kr. 31 eyri sem sýslusjóðsgjaldi; en þar sem niðurjöfn-
unin fyrir hin 3 undanfarandi ár (1877—1879) að meðaltali, að viðbættum einum
þriðjungi af þeirri meðaltalsupphæð, nemur hjer um bil 566 kr., hefir niðurjöfnunin
fyrir árið 1880 farið fram yfir þá upphæð, sem sýslunefndin mátti leggja á sýsluna
án samþykkis amtsráðsins samkvæmt 40. gr. sveitarstjórnartilsk. sbr. 26. gr.

Híð sama var um niðurjöfnun sýslusjóðsgjaldsins í Skagafjarðarsýslu á árinu
1881, þar sem niðurjöfnunin nam 960 kr., en niðurjöfnunin fyrir hin 3 undanang-
andi ár (1878—1880) er að meðaltali að viðbættum einum þriðjungi, hjer um
bil 847 kr.

Ennfremur var í Suðurmúlasýslu jafnað niður 1011 kr. til sýslusjóðs á árinu
1881, en niðurjöfnunin fyrir hin 3 undanangandi ár (1878—1880) var, að meðtöld-
um einum þriðjungi eigi meiri en hjer um bil 468 kr.

4. dag júlím. 1882.

III

III

Amtsráðið ályktaði því, að leiða athygli sýslunefndanna að fyrirmælum sveitarstjórnartilskipunarinnar í þessu tilliti til eptirbreytni framvegis.

4. Forseti lagði fram bónarbrjef og skýrslur frá búnaðar- og framfarafjelögum í amtinu, og var þeim samkvæmt heimild í brjefi landshöfðingja 10. oktbr. 1881 veittur styrkur eins og hinum fyrri fjelögum, og eptir sömu reglum og á fundinum 14. september:

Kr. aur.

- | | |
|---|-------|
| 1. Framfarafjelagi Akureyrarbúa | 30 " |
| 2. Búnaðarfelagi Bægisársóknar | 110 " |
| 3. Framfarafjelagi Grýtubakkahrepps | 130 " |
| 4. Búnaðarfelagi Skútustaðahrepps | 90 " |
| 5. ——— Fljótsdælinga | 50 " |
| 6. ——— í Breiðdal | 25 " |
5. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu dagsett 15. oktbr. 1881, og bænarskrá, sem þar með fylgdi, til landshöfðingja frá s. d. Samkvæmt því, sem brjef þetta fór fram á, ályktaði amtsráðið að mæla fram með því og samþykkja:
- a. að Skagafjarðarsýslufjelagi veitist 9,000 kr. lán af því fje, sem ætlað er í fjárlögnum 1882—83 til stofnunar búnaðarskóla hjer í amtinu.
 - b. að Skagafjarðarsýsla fái sinn hlut af búnaðarskólasjóði amtsins til búnaðarskóla þess, er sýslan ætlar að stofna á Hólum í Hjaltadal, og að sýslunefndin framvegis heimti gjald þetta saman úr Skagafjarðarsýslu.

Amtsráðið fól forseta sínum á hendur, að skýra landshöfðingja um leið frá öllum gangi búnaðarskólamálsins hjer í amtinu, frá því að því fyrst var hreift á fundi amtsráðsins 22. jan. 1881.

Ennfremur ályktaði amtsráðið, að skrifa sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu, og skora á hana að láta til frumvarp til reglugjörðar fyrir hinn fyrirhugaða skóla á Hólum, sem að áliti amtsráðsins fremur ætti að heita fyrirmyndarþú, svo amtsráðið gæti síðan sent það með athugasemdum sínum til landshöfðingja samkvæmt tilsk. 12. febr. 1872.

Út af þeirri skýrslu, sem forseti lagði fram, viðvíkjandi aðgjörðum sýslunefndanna í Múlasýslum í búnaðarskólamálinu, ályktaði amtsráðið, þar sem því fannst að sýslunefndirnar hefðu fyrir augum langtum kostnaðarmeiri stofnun, en ráðlegt væri að koma á fót, bæði þegar tekið væri tillit til þeirra efna, sem fyrir höndum væri, og til þess, hvernig fyrirkomulag slíkrar stofnunar ætti að vera, — að benda sýslunefndunum á þetta, og á það, að þær eigi gætu búizt við svo miklum hluta af því fje, sem ætlað er norður- og austuramtinu í fjárlögnum fyrir 1882—83 til búnaðarskóla, sem þörf yrði á, ef skólastofnunin ætti að verða svo dýr, sem þær hefðu ætlað til. Á hinn bóginn áleit amtsráðið, að sýslurnar mundu eiga stærri hluta í styrktarsjóðnum handa þeim, er bíða tjón af jarðeldi, en þær hefðu gengið út frá, og ályktaði amtsráðið, að leiða athygli sýslunefndanna að því.

6. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 3. septbr. 1881, viðvíkjandi tillögum umboðsmanns Skriðuklausturs um, að ábúandinn á umboðsjörðinni Torfastöðum, Jón Jónsson, fái endurgoldið úr landssjóði nokkuð af þeim kostnaði, er leitt hefði af því, að hann hefði flutt hús jarðarinnar á hentugri stað, en þar sem þau áður höfðu verið, en landshöfðingi hafði látið í ljósi, að hann samkvæmt þeirri stefnu, sem nú væri komin fram með tilliti til þjóðjarða, áliti það vafasamt, hvort heimild væri til að veita eptirleiðis slíkar þóknarir fyrir jarðabætur á þjóðjörðum, eins og áður hafði

átt sjer stað í stökum tilfellum, og hafði hann því óskað eptir álití amtsins og amtsráðsins, hvort eigi gæti verið spurning um, að veita hlutaðeiganda þóknun af því fje, sem veitt er til eflingar búnaði, fyrir þá miklu jarðabót, sem hjer væri um að ræða.

Amtsráðið lagði til, að hlutaðeigandi fengi 150 kr. af því fje, sem veitt er til eflingar búnaði.

7. Forseti lagði fram ýmsar tillögur, er lutu að fjárveitingum til vegagjörða á fjallvegum. Eptir að amtsráðið hafði rætt þetta mál ítarlega, var samþykkt að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann á næstkomandi ári vildi veita til fjallvega hjer í umdöminu :

- | | |
|---|---------|
| a. til vegarins á Öxnadalshéiði, Eyjafjardarmegin, til þess að ljúka við vegagjörðina að fullu | 250 kr. |
| b. til vegarins á Siglufjardarskarði í Eyjafjardarsýslu | 700 — |
| c. til vegarins á Vaðlaheði, Eyjafjardarmegin | 1000 — |
| d. til vegar á sama fjallvegi, Þingeyjarsýslumegin | 1000 — |
| e. til vegarins á Dimmafjallgarði í Norðurmúlasýslu | 500 — |
| f. til vegar á Vestdalsheði í sömu sýslu | 1000 — |
| g. til sæluhússbyggingar á Mývatnsfjöllum, samkvæmt 14. gr. tilsk. 15. marz 1861 um vegina á Íslandi, á næsta ári | 1000 — |
| h. til vegagjörðar á póstvegum í umdöminu til móts við sýslunefndirnar eptir því, sem ákveðið mun verða í fjárlögunum fyrir árin 1882 og 83 | 2500 — |
| Samtals | 7950 — |

Með tillögu sýslumannsins í Skagafjardarsýslu, að fá 1000 kr. til vegagjörðar á Heljardalsheði gat amtsráðið eigi mælt, með því ráðið áleit, að aðrir enn þá fjölfarnari fjallvegir yrði að sitja fyrir. Þar sem hinn sami sýslumaður paraðauki hafði farið fram á í bónarbrjefi til landshöfðingja, 16. oktbr. þ. á., sem sent var áleiðis til amtsráðsins, að landssjóðurinn legði $\frac{3}{4}$ kostnaðarins til brúargjörðar á Valagilsá í Skagafjardarsýslu af þeirri ástæðu, að á þessi sjé einmitt takmörkin milli fjallvegarins á Öxnadalshéiði, og sýsluvegarins að heði þessari, þá gat amtsráðið eigi verið á sama máli, heldur varð það að álíta, að Valagilsá væri algjörlega á sýsluveginum. En með því mjög mikil nauðsyn væri á, að brúa á þessa, vildi amtsráðið mæla fram með því, að helmingur brúarkostnaðarins, eður 600 kr., yrði veittar af þeim 2500 kr., er ráðið hafði nú lagt til, að veittar yrðu til viðgjörða á póstvegum í byggðum til helminga á móti sýsluvegasjóðunum.

8. Frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu var komin skýrsla um það, að brúin yfir Jökulsá, sem er nú meira en 60 ára gömul, væri orðin mjög fúin og af sjer gengin. Amtsráðið áleit nauðsynlegt, að setja hið fyrsta nýja brú á ána, sem líkasta að gjörð gömlu brúnni, sem vel hafði gefizt. Amtsráðið fól forseta sínum að skrifa kaupstjóra Tryggva Gunnarssyni í Kaupmannahöfn, og fá hann til að útvega nýja brú á ána, og senda hana í sumar hingað til lands á hentugasta stað. Brúarsjóðurinn er álitinn meiri en nógur til þess að standast kostnaðinn.

9. Forseti lagði fram kærubrief frá Jóni Einarsyni á Viðivöllum í Norðurmúlasýslu dagsett 26. septbr. þ. á. þar sem hann ber sig upp undan úrskurði sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu, er ákvað, að Fljótsdalshreppur skyldi borga kostnað við grenjavinning á svo kölluðum «Vesturöröfum», sem hreppsnefnd tjeðs hrepps einnig áleit, að sveitarfjelagi sínu bæri að gjöra. Amtsráðið áleit, að mál þetta heyrði eigi undir sinn

III

úrskurð, með því sýslunefndirnar eptir sveitarstjórnarlögunum hefðu síðasta úrskurðarvald í öllum þeim málum, er snerta fjallskil og refaveiðar. Vísaði því amtsráðið máli þessu frá sjer.

10. Forseti framlagði til álita amtsráðsins bónarbrjef til landshöfðingja frá Sigríði Jónsdóttur á Vatnsskógum í Suðurmúlasýslu, þar sem hún fer fram á að fá þóknun úr landssjóði fyrir að hafa byggt upp eyðikot, sem tilheyrir Þingmúlakirkju. Amtsráðið gat eigi gefið meðmæli sín með því, að þessi bæn fengi áheyrn.

11. voru yfirskoðaðir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1880 úr öllum sýslum umdæmisins. Fannst ekkert athugavert við reikningana úr Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu athugaði amtsráðið, að nokkrum borðum, sem keypt höfðu verið til umbúnings á gripasýningu, er haldin var á Oddeyri, hefði hvorki verið komið í verð aptur, nje þau talin sem eign til frambúðar. Reikningar sumra sýslunefndarmanna voru að því leyti óglöggvir, að eigi var tekið fram, hve marga daga mennirnir hefðu verið að heiman, þegar þeir höfðu mætt á sýslunefndarfund, og óskaði amtsráðið, að þetta sæist skýrt í reikningunum eptirleiðis.

Í reikningnum úr Suðurlþingeyjarsýslu vantar að tilfæra óinnheimt sýslusjóðsgjald af brennisteinsnámunum, er Skútustaðahreppi ber að svara samkvæmt úrskurði landshöfðingja, 25. maí þ. á. Átti gjald þetta að vera í árslok 1879 20 kr. 96 a., en fyrir árið 1880 5 kr. 6 a., samtals 26 kr. 2 a., sem amtsráðið væntir að komi inn í reikninginn fyrir 1881. Hvað því viðvíkur, að sýslumaðurinn hefir í reikningnum tilfært borgun fyrir eptirrit af gjörðabók sýslunefndarinnar, þá áleit amtsráðið að þess konar gjöld gætu eigi verið lögmat, nema því að eins, að sýslunefndin hefði beinlínis ályktað, að þessi eptirrit skyldu verða samin á kostnað sýslusjóðsins.

Við sýslusjóðsreikning Norðurmúlasýslu var ekki annað að athuga en það, að allmikið af sýslusjóðsgjaldinu var óinnheimt og útistandandi hjá hreppsnefndunum, þetta álitur amtsráðið vera óreglu, og mælist til, að hún verði eigi lengur látin viðgangast.

Við sýslusjóðsreikningana úr Norðurlþingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu fannst ekkert að athuga.

12. Vorn yfirskoðaðir sýsluvegareikningar úr öllum sýslum umdæmisins fyrir árið 1880:

a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu var eigi annað að athuga, en það, að eign frá fyrra ári er talin of lítil um 2 kr., eður 168 kr. 62 aura í staðinn fyrir 170 kr. 62 aura (sbr. athugasemd við reikninginn 1879), og verður því einnig eignin til næsta árs jafn miklu minni, en hún á að vera.

b. Reikningurinn úr Skagafjarðarsýslu var að áliti amtsráðsins í alla staði ágætlega saminn.

c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu var það athugavert, að sýsluvegagjaldið var reiknað eptir verðlagsskránni fyrir 1880—81 í staðinn fyrir að reikna skyldi eptir verðlagsskránni fyrir 1879—80. Eign frá fyrra ári er og talin 10 aurum of lítil og verður að leiðrjetta þetta í reikningnum fyrir 1881, eins og líka að framvegis verði fylgt rjettri verðlagsskrá. Enn fremur voru nafnaskrár þær úr hreppum sýslunnar, sem niðurljöfnun sýsluvegagjaldsins er byggð á, mjög ógreinilegar og ófullkomnar frá sumum sveitum, og mæltist því amtsráðið til, að sýslu-

maður gangi ríkt eftir, að skýrslur þessar sjeu samdar að öllu leyti eftir þeirri fyrirmynd, sem gefin er í hinni nýju reglugjörð fyrir hreppstjóra. III

- d. Við reikninginn úr Suðrþingeyjarsýslu var ekkert að athuga.
- e. Við reikninginn úr Norðrþingeyjarsýslu var ekki annað að athuga, en að á nafna-skrám þeim, sem niðurfjöfnun sýsluvegagjaldsins er byggð á, vantar sumstaðar aldur verkfæra manna, og amtsráðið mælist því til þess, að sýslumaðurinn sjái um, að skýrslur þessar sjeu samdar að öllu leyti eftir fyrirmynd þeirri, sem gefin er í reglugjörð fyrir hreppstjóra.
- f. Við reikninginn úr Norðurmúlasýslu var það athugavert, að sýsluvegagjaldið hefir eigi verið innheimt úr sumum hreppum, jafnvel í 2 ár, og því síður varið til vegagjörðar. Amtsráðið áleit þetta hina mestu óreglu, og áminnir því al-varlega sýslumanninn um, fyrst að innheimta þetta fje, og svo að sjá til, að það komi að tilætluðum notum. (Framh. síðar).

— Brjef landshöfðingja til biskups um auglýsingu prestakalla og úttekt. — Með því að það virðist rjett, þá er prestaköllum er auglýst til veitingar, að skýra frá öllum þeim byrðum, er á þeim hvíla, vil jeg skora á yður, herra biskup, að geta eptirleidis í slíkum auglýsingum allra lána þeirra, er hafa verið veitt viðkomandi prestakalli, eða kirkjum þeim, er því fylgja, og að skýra nákvæmlega frá öllu því, er ákveðið hefir verið um vexti af sjerhverju láni og endurborgun þess, og um hve mikið stendur eptir af láninu, þá er auglýsingin er gefin út. 13. maí.

Jeg nota tækifærið til að taka fram, að það er vitaskuld, að hvort sem slíkar skýringar finnast í auglýsingunni eða ekki, ber, þá er prestakall er tekið út við presta-skipti, að grenslast nákvæmlega eptir skuldbindingum þeim, er á brauðinu hvíla, og að rann-saka, hvort hinn farandi prestur eigi nokkuð ógaldið af vöxtum og endurborgun slíkra lána, samkvæmt skilyrðum þeim, er ákveðin voru, þá er lánin voru veitt, og verður það skaði hins komandi prests, ef nokkuð er vanrækt í þessu tilliti.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um harðærslán. — Með þóknanlegu brjefi frá í dag meðtók jeg tillögur amtsráðs suðurum-dæmisins um erindi, þar sem hlutaðeigandi sýslumaður spyr fyrir hönd sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu, hvort hún geti fengið 16—20,000 kr. lán úr viðlagasjóði gegn 6% vöxtum og afborgun í 28 ár, til að ráða bót á neyð þeirri, sem vofir yfir sýslunni sök-um harðinda og fjenaðardauða. Vil jeg því tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leið-beiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni það, er nú segir: 8. júní.

Amtsráðið hefir tekið fram, að endurborgun svo mikils láns, sem beðið hefir verið um, muni verða Borgarfjarðarsýslu ofvaxin, þó lánið fengist með kjörum þeim, er beðið hefir verið um, enda liggi ekki fyrir ráðinu neinar svo ítarlegar skýrslur um ástandið í tjeðri sýslu, að það sje ljóst, að svo hátt lán sje óumflýjanlega nauðsynlegt til að afstýra hallæri. En við þetta bætist, að það virðist mjög ísjárvert, að draga í 28 ár, að endur-borga lán, er veitt er til að hjálpa sýslubúum þeim, er nú lifa, til að bera tjón, er þeir hafa orðið fyrir af völdum náttúrunnar, því af þessu mun leiða, að borgun og ávöxtun lánsins leggst að miklu leyti á aðra en þá, sem hafa notið þess, og álit jeg, að ekki beri að veita lengri endurborgunarfrest á slíkum lánum en 10 ár. Loksins má gera ráð